



Fundargerð 91. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.

Haldinn mánudaginn 17. nóvember 2025, kl. 08:30 í fundarsal SSS.

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson, Guðrún P. Ólafsdóttir, Fannar Jónasson, Magnús Stefánsson, Arnbjörn Ólafsson og Árni Sigfússon

Starfsmenn: Daníel Einarsson (sem ritaði fundargerð)

Forföll: Jóhann Snorri Sigurbergsson

Dagskrá fundarins:

1. Breyting á stjórnarmönnum f.h. Reykjanesbæjar í stjórn Reykjanes jarðvangs.

Kjartan Már Kjartansson verður aðalmaður í stjórn Reykjanes jarðvangs, Helga María Finnbjörnsdóttir verður varamaður. Kjartan Már tekur við af Valgerði B. Pálsdóttur sem formaður, stjórn þakkar fráfarandi formanni fyrir störf í þágu jarðvangsins.

2. Tillaga um að Guðrún Ragnarsdóttir hjá Strategíu verði fengin til að gera stöðumat á stefnumótun sem unnin var 2023.

Lagt var til að fá Guðrúnu Ragnarsdóttur, sem leiddi stefnumótunarvinnu jarðvangsins 2023, til að framkvæma stöðumat á innleiðingu stefnunnar. Stjórn samþykkir tillöguna. Einnig var rætt um að óska eftir ráðgjöf Guðrúnar varðandi verklag tengt samvinnu jarðvangsins og sveitarfélaganna um framkvæmdir, rekstur og viðhald áningarstaða.

3. Tillaga að tímasetningu og efni aðalfundar

Aðalfundur verður haldinn 8. Desember kl. 09:00 - Dagskrá skv. samþykktum skal vera:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur síðasta árs lagður fram
3. Starfs- og fjárhagsáætlun
4. Tilnefning stjórnar
5. Kosning endurskoðenda
6. Ákvörðun um greiðslu og þóknunar til stjórnarmanna
7. Ákvörðun um árgjald næsta árs
8. Önnur mál

Samþykkt samhljóða

4. Kynning á alþjóða ráðstefnu jarðvanga í Chile sep. 25

Stjórn fékk kynningu á þátttöku Reykjanes Geopark á 11. alþjóðaráðstefnu UNESCO Global Geoparks í Kütralkura, Chile. Áhersla var lögð á þátttöku fulltrúa Reykjanes jarðvangs og helstu verkefni sem jarðvangurinn kynnti, m.a. fræðsluverkefni, endurnærandi ferðaþjónusta, menningararf og þróun UNESCO skólanetsins.

5. Kynning á Nordplus verkefnafundi í Finnlandi ágú. 25

Stjórn fékk kynningu á fyrsta vinnufundi Nordplus Horizontal verkefnisins *Empowering Educators: Nordic Geoparks as Living Classrooms* sem haldinn var í Rokua UNESCO Global Geopark í Finnlandi. Rætt var um markmið verkefnisins, sem felur í sér að efla jarðvanga sem vettvang fyrir þverfaglegt nám, þróa sameiginlegt fræðsluefni, byggja upp stafrænan samstarfsvettvang og styðja kennara í norrænum jarðvöngum.

Einnig var fjallað um önnur alþjóðleg samstarfsverkefni sem jarðvangurinn tekur þátt í ásamt innlendum verkefnum sem snúa að fræðslu og menntun. Ákveðið var að á aðalfundi verði fjallað nánar um þessi verkefni í skýrslu stjórnar.

Innan jarðvangsins er unnið að fjölbreyttum verkefnum og var sú tillaga borin upp að á stjórnarfundum verði framvegis gefin skýrsla um framgang verkefna sem tilgreind eru í starfs- og fjárhagsáætlun. Tillagan samþykkt og verkefnastjóri vinnur málið áfram.

6. Önnur mál

Drög að fjárhagsáætlun var lögð fram. Í fjárhagsáætlun er gert grein fyrir fjárframlagi aðildarfélaganna fyrir árið 2026. Fjárhagsáætlun SSS fyrir samrekin verkefni sveitarfélaganna, þ.m.t. Reykjanes jarðvangur, var skilað til sveitarfélaganna í september svo að framlögin lægu fyrir í fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaganna. En fjárhagsáætlun Reykjanes jarðvangs inniheldur ekki launakostnað þar sem hann greiðist af atvinnu- og byggðapróunarverkefni SSS. Fjárhagsáætlun Reykjanes jarðvangs er unnin út frá tryggðu fjármagni í sértæk verkefni, styrkjaumsóknum og hefðbundnum rekstrarkostnaði sem liggja fyrir á þeim tíma sem fjárhagsáætlun er gerð. Áætlunin er einnig byggð á árlegum fjárframlögum aðildarfélaganna, sem eru hugsuð sem mótframlag til verkefna jarðvangsins.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 09:55